

# System/3



## - Upphaf IBM miðtöla -

Árið 1969 setur IBM á markaðinn tölvu, **System/3**, sem talin er marka upphaf miðtölvu tímabils IBM.

**System/3** var beint að minni fyrirtækjum og var kostnaður við hana um helmingur af því sem tölvur almennt kostuð þá.

**System/3** kom með nýjung sem voru 96 dálka gataspjöld en fram að þessu höfðu gataspjöld verið með 80 dálkum. Inntakstækið var síðan öflugur spjaldalesari.

Harðir diskar voru með 2,5 MB geymslurými og var hægt að vera með 2 slíka sem “fasta” og tvo sem “lausu”. Á föstu diskunum var stjórnkerfið og notendahugbúnaðurinn geymt en á lausu diskunum voru gögnin geymd og voru notendur tölvunnar gjarnan með marga lausa diska sem tengdir voru við tölvuna eftir því hvaða verkefni var verið að vinna; bókhald, laun, lager o.s.frv.

Úttakið var síðan á prentara og einnig var hægt að tengja segulbönd við tölvuna til afritatöku. Nokkrar **System/3** tölvur voru seldar hér á landi og kerfisfræðideild IBM á Íslandi hóf strax að hanna staðlaðar hugbúnaðarlausnir fyrir tölvuna jafnfram því sem erlendur hugbúnaður var staðfærður fyrir íslenskar aðstæður.

Rekstartækni sf. og Reiknistofa Vestfjarða tóku **System/3** í notkun og þjónuðu fiskiðnaðinum og var það upphaf tölvvæðingar fiskiðnaðarins hér á landi. Einnig tóku mörg stærri fyrirtæki landsins s.s. olíufélög, tryggingafélög, Eimskip o.fl. **System/3** í notkun